

Tillaga til 498. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. september 2022

Tillaga frá 1209. og 1210. fundum bæjarráðs, sem fram fóru þann 5. og 12. september 2022, um að bæjarstjórn samþykki samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni, viðauka I - erindisbréf valnefndar og viðauka II um þóknun ráðsmanna, með samningnum, f.h. Ísafjarðarbæjar, en samningurinn gildir frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027.

1209. fundur, 5. september 2022

3. Umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni - 2022090010

Lögð fram drög að samningi um umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni.

Bæjarráð telur að þjónusta sveitarfélagsins í málaflokki nýrra farsældarlaga verði best veitt með því að verða aðilar að umdæmisráði barnaverndar á landsvísu, og felur bæjarstjóra að vinna að samþykki samnings þar að lútandi, kynna hann fyrir velferðarnefnd og leggja fyrir bæjarstjórn til endanlegrar samþykktar.

1210. fundur, 12. september 2022

11. Umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni - 2022090010

Á 1209. fundi bæjarráðs, þann 5. september 2022, voru lögð fram drög að samningi um umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni. Bæjarráð bókaði að það teldi að þjónusta sveitarfélagsins í málaflokki nýrra farsældarlaga yrði best veitt með því að verða aðilar að umdæmisráði barnaverndar á landsvísu, og fól bæjarstjóra að vinna að samþykki samnings þar að lútandi, kynna hann fyrir velferðarnefnd og leggja fyrir bæjarstjórn til endanlegrar samþykktar.

Er nú lagður fram uppfærður samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni til samþykktar, viðauki II með samningnum og erindisbréf valnefndar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni, viðauka I - erindisbréf valnefndar og viðauka II um þóknun ráðsmanna, með samningnum, f.h. Ísafjarðarbæjar, en samningurinn gildir frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027.